

Ed.

540. Lög

um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: 39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

2. gr.

Ef breytt verður skipun prestakalla, þannig, að sókn úr öðru prestakalli verði sameinuð Mosfellsprestakalli í Mosfellssveit, þá er Mosfellspresti skylt að taka að sjer prestsþjónustu í þeirri sókn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.